

NJÖRDUR P. NJARDVÍK  
HRAFNKELS SAGA Í PÓLITÍSKU LJÓSI

Allt frá því að Sigurður Nordal sýndi fram á það í frægri ritgerð<sup>1</sup> að Hrafnkels saga stangaðist illa á við sögulegar heimildir þrátt fyrir raunsætt yfirbragð, þá hefur saga þessi orðið fræðimönnum ærið umhugsunarefni. Hrafnkell goði (hvort sem hann var Hrafnsson eða Hallfreðarson) var ekki ótindur maður sinnar samtiðar, og vel mundu menn eftir honum á 12tu og 13du öld. Leiða má Landnámabók fram til vitnis um það, enda Hrafnkell goði þar talinn meðal 39 göfugustu landnámsmanna á öllu Íslandi, en í hópi 10 göfugustu landnámsmanna í Austfirðingafjörðungi.<sup>2</sup> Og þegar sama bók telur mestu höfðingja landsins á fyrri hluta 10ndu aldar, átján talsins, þá er Hrafnkell goði þar á meðal, og eru þó aðeins nefndir fjórir höfðingjar í Austfirðingafjörðungi.<sup>3</sup> Vel má vera að nafn Hrafnkels goða hafi geymzt í minningu kynslóðanna þótt raunveruleg vitneskja um hann og ævi hans hafi týnt í gleymsku. Fráleitt er því ekki að ímynda sér að einhvers konar arfsagnir hafi komið á kreik um svo göfugan og fyrirferðarmikinn höfðingja, og að slik arfsögn hafi orðið kveikja að sögu peirri er við nú tengjum nafni hans, eins og Óskar Halldórsson hefur bent á.<sup>4</sup> Slik arfsögn þarf engu að breyta um skáldsögueðli Hrafnkels sögu. Einhvers konar vitneskja um mann getur orðið tilefni í skáldsögu þar sem allar staðreyndir um manninn hafa verið togaðar í átt til listræns tilgangs unz fátt eitt stendur eftir, nema ef til vill minningin um einhver eðlisþátt í fari hans eða stök atvik án samhengis við aðra þræði í æviferli hans sem nú er orðinn einungis fyrirmynnd skáldsögupersónu.

Nú vitum við ekki hvað höfundur Hrafnkels sögu eða

<sup>1)</sup> Hrafnkatla. Studia Islandica VII (1940).

<sup>2)</sup> Landnámabók. Íslensk fornrit I 2 (1968), bls. 397.

<sup>3)</sup> Sama rit 396.

<sup>4)</sup> Hrafnkels saga Freysgoða. Íslensk úrvalsrit 1. þriðja prentun (1971) 9.

samtímalesendur hans hafa vitað um Hrafnkel goða þann er nefndur er í Landnámaþók, annað en að hann var mikill höfðingi er hann var á dögum. Hins vegar vitum við að Hrafnkels saga stangast á við Landnámaþók í veigamiklum atriðum. Hvernig stendur á því? Hugsanlegt er að gera ráð fyrir fjórum skýringum:

- 1) Höfundur kann ekki skil á Landnámaþók;
- 2) höfundur hefur aðra vitneskju um 10ndu öld er hann metur meir en Landnámaþók;
- 3) höfundur veit vel að saga hans stangast á við sögu-  
legar heimildir, en hann ætlar lesendum sínum að trúá list-  
rænni blekkingu sögunnar;
- 4) höfundur lætur sögu sína rekast á sögulegar heimildir  
þótt hann viti að lesendur hans muni koma auga á það.

Ef síðasti kosturinn er valinn, hefur það í för með sér að höfundurinn sé að benda lesendum sínum á, að sagan fjalli raunar ekki um Hrafnkel, heldur eitthvað annað. En hversu sem þessu er farið, þá er vist að eitthvað meir hefur vakað fyrir höfundi Hrafnkels sögu en rifja upp atburði liðins tíma. Vandinn er þá að túlka söguna, reyna að ráða í hvað vaki fyrir höfundi sem uppi er seitnt á 13ndu öld eða um aldamótin 1300. Um það þarf nú varla að deila að forsendur til að skilja Hrafnkels sögu verður að sækja til ritunartíma sögunnar, í þann hugarheim og þær þjóð-  
félagsaðstæður er réðu ríkjum um æviskeið höfundarins. Þetta hefur þegar verið gert, að nokkru leyti. Hermann Pálsson hefur sem kunnugt er ritað þrjár bækur<sup>1</sup> um Hrafnkels sögu með hliðsjón af 13du aldar viðhorfum; þar sem megináherzla er lögð á kristin viðhorf. Hann telur söguna eins konar siðfræðilega dæmisögu eða nánar tiltekið at-hugun á ofmetnaði sturlungaaldar út frá siðgæðishugmyndum kapólsku kirkjunnar á miðöldum. Í svipaðan streng hefur Davið Erlingsson tekið, þar sem hann kemst svo að orði í grein um siðfræði Hrafnkels sögu að andstæðurnar ofmetn-

---

<sup>1)</sup> Hrafnkels saga og Freysgyðlingar (Rvk. 1962); Siðfræði Hrafnkels sögu (Rvk. 1966); Art and Ethics in Hrafnkels saga (Copenhagen 1971).

aður-auðmýkt séu grundvallaratriði til skilnings á Hrafnkels sögu.<sup>1</sup>

Ekki dettur mér í hug að efast um að höfundur Hrafnkels sögu hafi verið kristinn, að minnsta kosti formlega séð, enda kristni lögboðin trú landsmanna frá því um aldamótin 1000. Allir höfundar íslendingasagna hafa væntanlega verið kristnir menn. Hins vegar er ég fjarri því sannfærður um að Hrafnkels saga sé rituð til að boða mönnum kristilega auðmýkt. Ofmetnaður kemur vissulega fram í sögunni, en þar með er ekki sagt að viðhorf til hans sé af trúarlegum toga eða siðfræðilegum. Hér gefst ekki tóm í svo stuttu máli að gera þessum atriðum rækileg skil, en ég vil þó benda á nokkur atriði sem mæla gegn kenningunni um siðfræðilega dæmisögu. Þar með er ég ekki að segja að hvergi örli á siðfræðilegum hugmyndum í Hrafnkels sögu, heldur einungis að þær séu ekki grundvöllur sögunnar og lykill að skilningi á henni.

Lítum þá fyrst á Hrafnkel. Þykir mönnum trúlegt að dæmisaga sem reist er á kristnum siðgæðisboðskap snúist um heiðinn mann? Svo mætti að vísu vera ef heiðinginn snerist frá villu sinnar trúar og til kristni og siðgæðisvitund hans breyttist að sama skapi. En ekki verður þetta sagt um Hrafnkel Freysgoða. Það er satt, hann er fullur ofmetnaðar framan af sögunni, einkum og sér í lagi vanmetur hann andstæðing sinn. Af þessu lærir hann. En hvergi get ég séð á sögunni að Hrafnkell Freysgoði hafi auðmýktarhugsjón kristindómsins að leiðarljósi. Hann er hægari, gætnari og varkárari. Það hefur reynslan kennt honum. En auðmjúkur er hann aldrei. Þegar Hrafnkell spyr hofbrunann og dauða Freyfaxa austur í Fljótshlíð, þá kveðst hann hyggja það hégoma að trúá á goð, og blótar aldrei síðan.<sup>2</sup> Um þetta farast Hermanni Pálssyni svo orð, að í ummælum Hrafnkels felist sú játning að hann hafi látið glepjast til að trúá á goðin, en áttað sig á villunni; að það valdi bölví Hrafnkels að hann hafi elsku á illum hlutum.<sup>3</sup> Eg held

<sup>1)</sup> Etiken i Hrafnkels saga Freysgoða. Scripta Islandica 21, bls. 31.

<sup>2)</sup> Hrafnkels saga. Íslensk fornrit XI, 124.

<sup>3)</sup> Siðfræði Hrafnkels sögu, 66.

að vafasamt sé að leggja trúarlegan skilning í þessi ummæli Hrafnkels. Miklu fremur megi túlka orð hans svo sem hann sé blátt áfram að láta í ljós, eða telja sjálfum sér trú um, að þessir atburðir skipti hann litlu, og verður nánar vikið að því síðar. Lóks má ekki gleyma því að Hrafnkell réttir hlut sinn á ný með svipuðu illvirki og hann vinnur í upphafi sögunnar. Frá kristilegu sjónarmiði hlýtur að mega leggja nokkurn veginn að jöfnu víg Einars Þorbjörnssonar og víg Eyvindar Bjarnasonar, nema ef til vill megi kalla dráp Eyvindar verra verk. Einar var þó varaður við því hvað af hlytist ef hann riði Freyfaxa. En um Eywind er tekið fram í sögunni<sup>1</sup> að hann hafi dvalizt erlendis meðan á deilum Hrafnkels og Sáms stóð. Hann er því alsaklaus drepinn. Það er því bágt að sjá af þróunarferli Hrafnkels, að hann sé betri maður í kristilegum skilningi í sögulok en í upphafi sögunnar. Hins vegar er hann gætnari höfðingi, og teflir ekki völdum sínum í tvísýnu framar. Eg lit á það sem pólitisk hyggindi fremur en siðfræðileg.

Svipaða sögu held ég megi segja um aðrar persónur sögunnar, að gerðum þeirra ráði önnur sjónarmið en kristilegt siðgæði, og skal ég nú reyna að renna stoðum undir þá skoðun.

Ég fæ ekki betur séð en Hrafnkels saga snúist fyrst og fremst um völd: hvernig eigi að ná völdum, hvernig eigi að halda völdum, hvers konar menn séu til þess fallinir að fara með völd. Sagan segir frá því í upphafi (en lýsir því ekki), hvernig Hrafnkell brauzt til valda. Athygli vekur að Hrafnkell er ættlaus maður í sögunni, andstætt vitnisburði Landnámabókar. Ekki er að sjá að Hallfreður faðir hans hafi verið neinn höfðingi. Valdaferill Hrafnkels er nátengdur landnáminu í upphafi: hann finnur byggilegan en óbyggðan dal, nemur þar land, reisir hof, gefur mönnum af landi sínu gegn því að þeir séu hans undirmenn. Síðan þróngdi hann undir sig mönnum úr næsta dal. Hann tekur sér goðorð sem nær yfir báða dalina. Nú er hann orðinn höfðingi. Pennan feril þekkjum við annars staðar frá, að undanskildu

---

<sup>1)</sup> Íslensk fornrit XI 100

því er hann þróngvir undir sig Jökulsdalsmönnum. Ef menn vilja lesa eitthvað annað úr Hrafnkels sögu en það sem atburðir sögunnar sjálfir gefa til kynna, er þá ekki freistandi að láta sér detta í hug að hér sé höfundur sögunnar að lýsa því hvernig valdakerfi þjóðveldisins varð til, upphafi goðaveldisins? Aræðinn og ákveðinn maður kastar eign sinni á landrými, meira en hann sjálfur þarf. Þetta er upphafið. Í skjóli þessa eignarréttar hefur hann þegar eignað frumvöld. Sagan virðist svo gera ráð fyrir aðstreymi fólks en skorti á ónumdu landi. Landnámsmaðurinn getur því sett skilyrði: þú færð land gegn því að ég sé þinn höfðingi. Síðan er reist hof til þess að býli landnámsmannsins sé miðdepill byggðarinnar; þangað á fólk að sækja andlega sem veraldlega forsjá. Þá tekur höfðinginn sér goðorð yfir undirmönnum sínum. Þar með er komið skipulag, þjóðfélagsmynd, með stéttaskiptingu. Í dæmi Hrafnkels seilist hann svo út fyrir landnám sitt og þróngvir undir sig mönnum í nærliggjandi dal. Nú hefur hann tryggt sér þau völd sem hann sér út yfir, og trúlega hafa landnámsmenn í upphafi ekki hugsað langt út fyrir landnám sín.

Hrafnkatli er svo lýst að hann hafi verið ójafn-aðarmaður mikill en menntur vel, linur og bliður við sína menn, en striður og stirðlyndur við Jökulsalmenn, stóð mjög í einvígum og bætti öngvan mann fé.<sup>1</sup> Hann hegðar sér eins og maður sem hefur óskorað vald og veit af því. Þessir eðlisþættir hafa ugglauð átt sinn pátt í að tryggja honum völd og áhrif. Hins vegar virðast peir einnig stuðla að sjálfssöryggi hans. Hrafnkell sýnist viss um að ekkert geti ógnað völdum hans. Þetta má kalla ofmetnað í fari hans.

Þau átök í goðorði Hrafnkels sem spretta af vígi Einars Þorbjörnssonar eru greinilega stéttalegs eðlis. Víg Einars er refsing fyrir yfirsjón, heldur illt verk, en engan veginn einsdæmi í íslendingasögum. Hrafnkell lítur svo á að Einar geti sjálfum sér um kennt, en þykir þetta verk sitt þó verra en mörg önnur. Þess vegna býður hann Þorbirni góðar sonarbætur. Þorbjörn er fátækur maður, andstætt Bjarna bróður sinum og Sámi bróðursyni.

<sup>1)</sup> Íslenzk fornrit XI 99

Þorbjörn stendur næstneðst í þeim þjóðfélagsstiga sem lýst er í Hrafnkels sögu: höfðingi (Hrafnkell), efnaður bóni (Bjarni, Sámur), fátækur bóni (Þorbjörn), verkaður (Einar). Frælar eru ekki nefndir í sögunni. Höfðinginn drepur verkamann sinn fyrir óhlýðni. Fátaki bónindinn, faðir verkamansins, fer til höfðingjans og beiðir hann sonarbóta. Höfðinginn bregzt vel við og býður miklar bætur fyrir soninn, slikar sem hann hefur aldrei fyrr boðið. Við ríkjandi þjóðfélagsaðstæður hefði verið eðlilegt að fátaki bónindinn hefði þegið bæturnar, ef ekki með þökkum þá að minnsta kosti möglunarlaust, og allt hefði verið í sömu skorðum og áður. Annað væri ekki aðeins óskynsamlegt, heldur fásinna. En nú bregður svo við að Þorbjörn neitar boði Hrafnkels. "Ég vil eigi þenna kost," hefur sagan eftir honum ósköp blátt áfram, og er sú afstaða ekki nánar skýrð. Þó er petta að minni hyggju eitt ein-kennilegasta atriði sögunnar. Vera má að Þorbjörn hafi fundið til þess yfirlætis sem fólst í boði Hrafnkels, að hann hafi skyndilega ekki lengur getað satt sig við stöðu sína í þjóðfélaginu. Hann kemur til að beiðast bóta, en hafnar svo bótunum og setur skilyrði fyrir sáttum, sem hann má vita að Hrafnkell muni aldrei ganga að. Hann vill ekki að Hrafnkell skammti réttlætið í eigin málí þótt vel sé skammtað, heldur heimtar hann menn til gerðar. "Pá þykist þú jafnmenntur mér," segir Hrafnkell, "og munum við ekki að því sættast." Með afstöðu sinni hefur fátaki bónindinn gert uppreisn gegn þjóðfélagsstöðu sinni og krafizt jafnréttis við höfðingjann. Höfðinginn þarf varla að óttast né fátaki bónindinn að vonast eftir að gerðamenn ákveði meiri bætur en áður voru boðnar. Spurningin snýst ekki lengur um sonarbætur heldur um þjóðfélagsaðild.

Hrafnkatli þykir hlægilegt er hann spyr að Sámur Bjarnason býr til mál á hendur honum. Hann er viss um höfðingjastöðu sína og völd í héraði, og þarf ekki að óttast að tilraun til uppreisnar innan frá hljóti mikinn byr meðal þingmanna hans. Engu að síður ríður hann til þings með sjö tigu manna, og hlýtur sú tala að vera

allmiklu hærri en þjóðveldislög hafa mælt fyrir um þingfarir. Hann hefur því talið sig við öllu búinn. Hrafnkell reiknar dæmið rétt að því leyti að hann þarf ekki að óttast ógnun innan frá. Hins vegar hugsar hann ekki langt út fyrir sitt eigið ríki. Hann virðist ekki gera ráð fyrir ógnun utan frá. Nú tekst þeim Sámi og Þorþirni að lokum að fá liðveizlu höfðingja er stóðu Hrafnkatli á sporði, bæði að vitsmunum og liðsafla. Hið óvænta gerist, Hrafnkell er sekur dæmdur. Sámur gengur mjög uppstertur á þinginu og þykist hafa látið Hrafnkel fara hneykju nokkra. Það er ógnun utan frá, af öðrum landshluta, er verður Hrafnkatli til falls, ekki Sámur Bjarnason.

Ekki er svo að sjá að Sámur hafi hugsað lengra en fá Hrafnkel dæmdan. Þeir Þjóðstarssynir, liðsmenn Sáms af Vestfjörðum, gera hins vegar ekki endasleppt við hann, heldur fylgja honum austur í Hrafnkelsdal og heyja féránsdóm á Aðalbóli og hrekja Hrafnkel burt. Sámur gerist höfðingi í hans stað. Nú er þess að gæta hver munur er á valdatöku Hrafnkels og Sáms. Hrafnkell brýzt til valda af eigin rammleik, en Sámur er hins vegar settur til höfðingja fyrir annarra tilstilli, af utan-aðkomandi aðiljum. Þorbjörn fær nú betra bú en áður, og er hann þar með úr sögunni. Víg Einars smalamanns og eftirmál þess hafa einungis orðið aðdragandi annars og stærra máls: baráttunnar um völd og áhrif.

Hrafnkell hefur nú hrökklað burt, hof hans brennt og hesti hans týnt fyrir björg. Ætla mætti að nú væri komin heilleg frásögn af þjóðfélagslegri uppreisn, þar sem höfðinginn hefur hlutið makleg málagjöld fyrir illvirki sín og ójöfnuð. Ný þjóðfélagsskipan væri komin þar sem hinn efnaði bóndi hefði rutt úr vegi höfðingjanum og landnámsmanninum. En því er ekki að heilsa. Hrafnkell virðist ákveðinn að vinna sess sinn að nýju. En til þess þarf aðrar aðferðir en þær sem dugðu til að brjóta til valda hið fyrra sinn. Í því ljósi held ég verði að skilja ummæli hans, að hann hyggi það nú hégbóma að trúá á goð. Að visu kemur það ekki fram í sögunni að Hrafnkell hafi strax eftir ósigur sinn hugsað til þess að vinna höfð-

ingjatign sína á ný, en ég hygg það ekki vera oftúlkun á skaplyndi Hrafnkels. Mér finnst Hrafnkatli farast í þessum punkti líkt og sumum stjórnmálamönnum okkar tíma, sem breyta um stefnu eða skipta um stjórnmálauflokk eftir því hversu byr horfir til valdaaðstöðu. Sagan segir ótvírætt að skapferli Hrafnkels hafi breytzt, hann sé nú miklu "vinsælli ok gæfari ok hægri en fyrr at qliu."<sup>1</sup> Aftur á móti er það vægast sagt hæpinn lesháttur á sömu bls. að segja að skipan sé komin "á lund hans" svo sem textinn hljóðar í Íslenzkum Fornritum XI. Jón Jóhannesson segir í athugasemd neðanmáls: "lund svo leiðrétt í útgáfum, misritað land í hdr." Ritháttur er bundinn í handritum eins og venja er að binda orðið land, enda miklu rökréttari texti þar sem með því lýkur lýsingu á hinni nýju landareign Hrafnkels. Þá má nefna það sem dæmi um að ekki hafi maðurinn gersnúizt að siðferðiskennd, að hann leggur undir sig land utan þeirrar landareignar er hann hafði fest kaup á. Með leshættinum land en ekki lund er klausan svona:

Lagði hann land undir sik allt fyrir austan Lagarfljót. Þessi þinghá varð brátt miklu meiri ok fjölmennari en sú, er hann hafði áðr haft. Hon gekk upp um Skriðudal ok upp allt með Lagarfljóti. Var nú skipan komin á land hans. (2)

Hugurinn hvarflar nú til söguupphafs er Hrafnkell nam land í Hrafnkeldal og þróngdi svo undir sig Jökulsdalsmönnum. Ætli eitthvað svipað hafi ekki gerzt í Fljótsdal? Er svo fjarri lagi að ímynda sér að Hrafnkell hafi þróngt undir sig mönnum austan Lagarfljóts? Aðferðirnar hafa hins vegar trúlega verið aðrar en áður. Mér virðist mega draga þá ályktun af orðalagi sögunnar að framganga Hrafnkels hafi verið varkárari og mjúklegrí i Fljótsdal. En markmið sýnast hin sömu. Afstaðan markast vitanlega af því að í Fljótsdal er Hrafnkell ekki höfðingi og goði, heldur er hann í stöðu hins efnaða bónda, að minnsta

<sup>1)</sup> Íslenzk fornrit XI 125.

<sup>2)</sup> Sama rit, sama bls.

fjóttlega. Nú hefur hann ekki lengur gagn af hofi og trú. Í Fljótsdal voru höfðingjar fyrir, ekki smáir menn samkvæmt Landnámaþók, og þess vegna hefur Hrafnkell hlotið að hegða sér öðru vísni í valdabaráttunni. En með því að vinna áhrif í fjölmennri byggð Fljótsdals varð aðstaða hans vitaskuld miklu betri er að því kæmi að vinna aftur sitt fyrra ríki.

Samkvæmt þeirri stéttgreiningu sem fyrr er getið í þessum pistli, er Hrafnkatli hrundið úr efsta prepi, en fljóttlega vinnur hann sig upp í næstefsta prepið (efnaður bóni) á ný. Og þar kemur að hann nær sínum fyrri sessi. Hefnd Hrafnkels er örugg og rækileg, hún ber öll merki hins paulæfða höfðingja. Sámur hefur hins vegar aldrei verið neinn höfðingi nema að nafni til. Og enn sem fyrr á hann allt sitt undir Þjóstarsonum, utanaðkomandi öflum. Hann á til einskis að leita í sinu héraði. En nú er einnig stuðningur Þjóstarssona þorrinn. Þorgeir segir honum á kurteisan hátt að hann hafi ekki dugað til höfðingja. Vizkumunur hans og Hrafnkels sé slikur að til einskis sé að hjálpa honum aftur. Hann hefur fengið sitt tækifæri, en ekki haft til að bera þá fyrirhyggju sem þarf til að stjórna héraði. Í sögulok er Hrafnkell í öllum skilningi meiri höfðingi en í upphafi.

Hrafnkels saga er þá ekki dæmisaga um þjóðfélagslega uppreisen sem tekst, heldur um þjóðfélagslega uppreisen sem verður að engu. Allt er komið í hinar fyrri skorður, og er að sjá sem höfundi líki það vel, enda trúlega tilgangur sögunnar, a.m.k. að einhverju leyti. Eg kemst að minnsta kosti að þeirri niðurstöðu að Hrafnkels saga sé fremur þjóðfélagslegs eðlis en siðfræðilegs. Þá vaknar sú spurning, ef menn geta fallið á slika heildarniðurstöðu, hvort sagan geti sagt okkur eitthvað um samtið höfunarins. Hvort vakað hafi fyrir höfundi að gera skil einhverjum samtiðarvandamálum eða hvort einhverjur þættir úr þjóðfélagi 13du aldar kunni að speglast í sögunni þótt höfundur hafi ekki beinlinis hugsað sér slíkt. Eg hef áður<sup>1</sup> leitt rök að því að Lax-

---

1) Laxdœla saga – en tidskritik? Arkiv för nordisk filologi 86 (1971).

ðæla saga kunni að geyma meðvitaða eða ómeðvitaða gagnrýni á samtið höfundarins, m.ö.o. að höfundur þeirrar sögu noti greinilega samtínaviðburði í sögunni og að sá tími er höfundurinn lifði speglist að einhverju leyti í sögunni. Það mun reynast hverjum höfundi harla erfitt að losna undan áhrifum samtiðar sinnar þótt hann láti sögur sínar gerast á öðru tímasetningu við aðrar menningarlegar og þjóðfélagslegar aðstæður.

Hvernig skyldi þá 13da öldin speglast í Hrafnkels sögu? Æg vil taka fram að ég vil aðeins varpa fram hugmyndum án nokkurra fullyrðinga. Æg hef áður getið þess að mér virðist sagan fyrst og fremst snúast um völd og höfðingjatign. Höfundur Hrafnkels sögu hefur lifað mestu upplausnartíma íslenzkrar sögu og væntanlega fjörbrot íslenzka þjóðveldisins, ef marka má hefðbundna tímasetningu sögunnar. A þessum tímum gerbreytist valdakerfi hins íslenzka þjóðfélags. Meðal annars fer goðaveldið algerlega úr sinum föstu skorðum og liður loks undir lok. Óparft ætti að vera að rekja þá sögu hér. Mér virðist sagan vilja sýna fram á að hinar fornu höfðingjættir séu eðlilegastir leiðtogar þjóðfélagsins. Höfðinginn hefur vitsmuni, áræði, reynslu og afl til að veita öðrum forsjá. Prátt fyrir ákveðna galla Hrafnkels er hann samt sá sem á að ráða. Hann er maðurinn sem alltaf mun ráða vegna þess að hann mun hvernig sem allt veltur geta náð völdum.

I þessu sambandi vil ég benda á þrjú atriði. Goðaveldinu er ógnað utan frá. A 13du öld eru tvö utanaðkomandi öfl sem raska hlutföllum goðaveldisins, annars vegar hið alþjóðlega kirkjuvald, hins vegar norska konungsvaldið. Ef til vill má þó segja að fulldjarf sé að skoða þá Þjóstarssyni sem eins konar erlenda ógnun við goðaveldið, sem Hrafnkell er þá fulltrúi fyrir. Eftir þjóðveldislok urðu biskupar flestir norskir. Þar eru komnir valdamenn sem settir eru yfir íslendinga af utanaðkomandi aðilja. Peir eru ekki sprottnir úr röðum landsmanna og eiga sér engan grundvöll meðal þess fólk sem peir eru settir yfir. Hér má einnig segja að fulldjarf sé að álykta að Sámur sé fulltrúi slíkra yfirmanna og Þjóstarssynir fulltrúar hins erlenda kirkjuvalds. Loks má benda á að togstreita verður á 13du öld milli

goða og bænda.<sup>1</sup> Dæmi eru um bændur sem urðu býsna sjálfstæðir gagnvart goðunum, og sú skoðun bænda kemur meira að segja fram að bezt væri að hafa enga goða. Efnaðir bændur hafa stundum að nokkru leyti komið í stað goða hvað forystuhlutverk snertir eftir að goðorðin söfnuðust á fárra manna hendur. Væri ekki hugsanlegt að höfundur Hrafnkels sögu vildi sýna fram á vangetu bænda í höfðingjahlutverki og yfirburði goðanna? Eg hef að minnsta kosti tilhneigingu til að líta á höfund Hrafnkels sögu sem málsvara hinna fornú höfðingjaætta.

---

<sup>1)</sup> Sjá grein Gunnars Karlssonar: Goðar og bændur. Saga 1972.